

Skólaráð Áslandsskóla

Föstudagur 16.11. 2018 kl. 8:30 í fundarherbergi

Mættir: Ágúst og Agnes (nemendafulltrúar), Pétur Ingvarsson (kennarafulltrúi), Guðrún Ben (kennarafulltrúi), Freyja Jóhannsdóttir (fulltrúi starfsfólks) Kristín Ólöf Grétarsdóttir (foreldrafulltrúi), Leifur (skólastjóri), Unnur aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá:

1. Fundartími 9:30
Allir fundarmenn voru sammála um að hafa fundatímann í vetur kl. 9:30
2. Dagskrá á fundi
Ef einhver er með eitthvað á fundina þá væri gott að koma skilaboðum um það til stjórnenda fyrir fund.
3. Viðburðir foreldrafélagsins á skóladagatal skólans. Beiðni frá foreldrafélaginu að setja dagsetningar á þeim viðburðum sem búið verður að ákveða á skóladagatal skólans.
4. Starfsáætlun skólans er komin á vefinn og gott að fundarmenn lesi yfir. Gott að fá sjónarmið allra og ef eitthvað vantar sem ætti að koma fram og er ekki í áætluninni.
5. Ytra mat

Skólinn tekinn út í september. Athugasemdir bárust sem við höfum brugðist við. Lokaskýrsla kemur í desember og stjórnendur gera umbótaráætlun í kjölfarið.
6. Matarmál – Eldhúsaðstaða
Kristín kynnti áherslur og tillögur Stýrihóps um matarmál í Hafnarfirði.
Fyrirspurn og ábending í kjölfar stýrihóps um matarmál í Hafnarfirði (Kristín Ólöf) um hvort eitthvað þurfi að bæta í eldhúsinum varðandi aðstöðu til eldunar og framreiðslu. Skólinn vill halda áfram að elda sjálfur og sjá um ávaxtastundina. Beiðnin fer fyrir kokkinn og ábendingar sendar til Kristínar Ólafar.
7. Skólafatnaður. Fyrirspurn um fatnað. Kom fram að gæði bolanna hafi verið léleg. Rætt um að senda bréf til foreldra frá foreldrafélaginu varðandi að auka notkun á skólafatnaði. Tillaga um að stuðla að breytingum á fatnaði fyrir skólaárið 2020-2021. Umræðan hjá foreldrafélaginu.
8. Símalaus dagur. Hvetja til að hafa símalausan dag einu sinni í viku. Auka félagsleg tengsl nemenda. Rætt um símahótelið sem er í hverri stofu, nemendum fannst það minna notað og nemendur fá að geyma símann í vasa eða í tösku.

9. Vorhátíð 2019. Dagsetning komin fyrir vorhátíð 2019. Hún verður Miðvikudaginn 22.05.2019

10. Önnur mál

- Þema menningardaga. Gamli tíminn. Lýðræðisleg kosning meðal starfsmanna og nemenda
- Fyrirspurn um rútuferðir í íþróttahús
- Veip – fyrirspurn um hvort þetta sé vandamál, hver margir osfrv.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:30

Fundargerð ritaði aðstoðarskólastjóri.